

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 3.3.2022
UST202202-270/A.B.
10.04.02

Efni: Tillagan – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 - 2018 - Litli-Klofi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2018 fyrir Litla-Klofa 2.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 106 ha af frístundabyggð, F37, fyrir Litla- Klofa er minnkuð og breytt í landbúnaðarland. Auk þess segir að svæðið er nokkuð vel gróið, en gróðurhula er þó þunn og stutt niður á sand og hraun. Hraunnibbur standa víða upp úr.

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir (bls. 57): „*Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á vernduðum landslagsgerðum.*“

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur